Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

37. tölublað. Þriðjudaginn 25. oktober 6. árgangur. Verð kr. 60.

Reynsla af verkfallinu

Þegar þessi grein er skrifuð hefur verkfall opinberra starfsmanna staðið í tæpan hálfan mánuð. Margt bendir til að senn fari að hilla undir lok þessa verkfalls . Enn ber þó það mikið á milli að ekki er hægt að fara að meta þann ávinning sem verkfallið hefur fært verkfallsmönnum. Víst er þó að af verkfallinu geta menn dregið ýmsan lærdóm, og þá ekki síst sá mikli fjöldi er staðið hefur í verkfallsvörslunni eða mætt á fundi í félögunum. Ríkisvaldið hefur í þessu verkfalli svo margoft afhjúpað stéttareðli sitt.

Kjaradeilunefnd.

Stéttabaráttan hefur löngum bent á,að eitt sterkasta vopn ríkisvaldsins í yfirstandandi kjaradeilu eru störf Kjaradeilunefndar. Nefndin hefur beitt þeirri aðferð að fara sí og æ langt út fyrir sinn verkahring, sem skilgreindur er í lögum. Það hefur hins vegar neytt BSRB til að virða sumar ákvarðanir nefndarinnar að vettugi. Ríkisvaldið hefur notfært sér það til að snúa almenningsálitinu gegn verkfallsfólki. Þeir fulltrúar ríkisvaldsins er gengu endanlega frá verkfallsréttarlögunum hafa fullkomlega gert sér grein fyrir mætti þessa vopns. Í nefndina hafa þeir skip að 6 fulltrúa úr sínum röðum en aðeins 3 frá BSRB. Auk þess er ákvæði í lögunum þess eðlis að ef fulltrúar BSRB gengju út úr nefndinni skyldi ríkið skipa aðra þrjá í þeirra stað og teldust þeir vera fulltrúar verkfallsmanna.

Ákvæði sem þessi hefur forystan reynt að nýta sér til að réttlæta störf sinna manna og veru þeirra innan Kjaradeilunefndar. Eigi að síður eru störf þessarra fulltrúa og tengsl þeirra við Verkfalls nefnd BSRB afar léleg og hafa hreinlega verið til trafala í verkfallinu. Sem dæmi um vítaverðar starfsaðferðir okkar fulltrúa er þáttur þeirra er opnun sjúkrahúsa var afgreidd í nefndinni. Niðurstöður nefndarinnar lágu ekki fyrir fyrr en í þann mund er verkfall var að hefjast. Strax var þó ljóst að tillögur hjúkrunarfræðinga hafði nefndin aldrei rætt og öll önnur afgreiðsla var eftir því. Okkar menn gerðu hins vegar ekki minnstu tilraun til að vara stjórn og samninganefnd við. Af þessu verðum við að draga þann lærdóm, að ekki nægir að skipa einhverja þrjá einstaklinga í þessa valdamiklu nefnd. Í hana ber að skipa einarða fulltrúa til dæmis frá þeim hópum sem valdsvið Kjaradeilunefndar nær til. Þessum fulltrúum ber síðan skylda til að gefa út tilkynningar í fjölmiðla ef þeir lenda í minnihluta í ákveðnum málum og þeir álíta meirihlutann vera að fara út fyrir verkahring sinn. Á þann hátt veit samninganefndin stöðugt hvers er að vænta frá Kjaradeilunefnd og mun auðveldara verður fyrir opinbera starfsmenn að fá almenning til stuðnings við verkfallsmenn ef öllum er ljóst að um grundvallarágreining er að ræða í nefndinni. Núverandi fulltrúar okkar hafa hins vegar ekki sýnt neina viðleitni í þá átt að starfa sem samhent lið verkfallsmanna og engin von er á breytingu í þá átt. Þess ber því að krefjast að fundargerðar bækur nefndarinnar verði látnar liggja frammi eftir verkfall svo opinberir starfsmenn fái séð hvernig nefndin hafi starfað og hvaða upplýsingar hún leggi til grundvallar dómum sínum.

Endurskoðunarrétturinn.

Undansláttarmenn úr sjálfri samninganefndinni hafa undanfarið mætt á fundi hjá verkfallsmönnum og varað menn sterklega við að standa á kröfunni um endurskoðunarréttinn. Helstu rök þessarra manna hafa verið að ekki megi reita þingmennina til reiði því þá kynnu þeir að þrengja enn verkfallsréttinnn. Til dæmis með því að stórauka völd Kjaradeilunefndar. Með fjálglegum orðum hafa þeir lýst sig helstu verndara verkfallsréttarins en alla baráttusinna sem ábyrgðarlausa einstaklinga er leiki sér að eldinum. Það er vissulega rétt að verkfallsrétturinn verður ekki skertur frekar af alþingismönnum ef honum verður aldrei beitt eins og forystan í Reykjavík og aðrir undansláttarmenn og stéttsvikarar vilja.

Þessir forystumenn gleyma því vísvitandi í sínum málflutningi að núverandi verkfallsréttarlög eru ekkert sem BSRB fékk baráttulaust. Alþingis menn völdu þann kost að láta bandalaginu eftir þennan verkfallsrétt sem er mjög takmark aður er ljóst var að ella myndi það taka sér þennan rétt . Reyni þingliðið að skerða enn okkar rétt og þannig ganga á bak orða ríkisstjórnarinnar munum við taka okkur þann verkfallsrétt sem aðrir þjóðfélagsþegnar hafa. - Opinberir starfsmenn eru ekki í varnarstöðu í verkfallsréttarmálinu hvað svo sem stöðunni í kjarasamningunum áhrærir. - Öllum skal verða ljóst að við erum orðin þreytt á að vera halakleprar á ASÍ. Við viljum sjálf berjast fyrir okkar kjörum og móta kröfurnar í sérhvert sinn eftir þörfum okkar og styrk en ekki láta Dagsbrúnarmenn heyja baráttuna fyrir okkur. Við viljum hins vegar berjast við hlið þessa fólks.

Sem fyrr segir eru allar horfur á að mjög sé að dragast saman með samninganefndum BSRB og ríkisvaldsins. Það atriði sem einna mestur ágreiningur var um var endurskoðunarrétturinn Til þessa hefur samninganefnd okkar staðið fast á þeirri kröfu. Borgarapressan hefur reynt að læða því inn hjá almenningi að þessi krafa sé eingöngu eitthvað keppikefli einstakra forystumanna BSRB og sé í raun í þversögn við sjálf verkfallsréttarlögin. Slíkar full

Frh. á síðu 2



Jakop Möller reynir leið hótana við verkfallsverði BSRB.

Heimildirnar verði baráttutæki

Ein er sú grundvallarregla sem starfa verður eftir ef sigur á að nást í hvers kyns baráttu. Þ.e. lærðu að þekkja óvin þinn. Þessa reglu verða ísl. herstöðvaandstæðingar að temja sér, hvort sem barátta þeirra er í sósíaliskum eða þjóðernissinnuðum tilgangi. Ekki dugir að ana blint áfram sem friðelskandi sósíalisti og/eða einarður þjóðernissinni. Herstöðvaandstæðingar hafa það sameiginlegt að vilja berjast gegn heimsvaldastefnu, kúgun og hvers kyns drottnun sem heimsvaldastefnunni fylgir. En baráttan verður að fara fram af forsjá engu síður en af kappi.

Þekking á aðstæðum bæði hérlendis og erlendis er frumskilyrði fyrir sigursælli baráttu.

Af því leiðir að við verðum að þekkja ísl. auðvaldið og ísl. verkalýð, alþýðu annarra landa og auðvald, eðli heimsvaldastefnu og hernaðarbandalaga.

Sérstaklega verðum við að þekkja Nato og Varsjárbandalagið. Þau tvö eru þau stærstu og jafnframt langhættulegustu.

Tilurð þeirra og tilgang verðum við að þekkja og þá þekkingu verðum við að útbreiða. Hver er t.d. tilgangur Nato hérlendis? Er það að verja ísl. auðvald, hið vestræna auðvald eða hvort tveggja? Við vitum að auðhringir heyja stöðuga baráttu sín á milli um vinnuafl, hráefni og markað. Þeir eru því sundraðir, þó svo þeir hafi sameiginlegra hagsmuna að gæta á margan hátt. Sérstaklega eru þeir á einu máli um að brjóta niður baráttu alþýðunnar í öllum löndum.

Innvortis móthverfur auðvaldsins er mikilvægt að þekkja og færa sér í nyt. Allt of mikið hefur þess gætt innan Samtaka herstöðvaandstæðinga að starfið og baráttan sé ekki tekin alvarlega. Menn vanrækja að auka skilning sinn á raunverulegu eðli baráttunnar. Af því hefur leitt að meðlimir samtakanna geta jafnvel ekki útskýrt einfaldar og sjálfsagðar spurningar fjöldans. Hver einstakur meðlimur verður að uppfræða sjálfan sig með umræðum og námi. Það er undirstaða skipulegs áróðurs og starfs meðal fjöldans. Og án starfs fer ekki fram nein barátta. Gera verður upp við frjálshyggju í starfi og námi.

Öruggra heimilda verður að afla svo hægt sé að byggja starfið á bjargi. Með slíkum heimildum, sem ætlunin er að afla, ætti forysta samtakanna að geta starfað markvisst og hverfahópar starfað sjalfstæðir. Á landsráðstefnunni lagði einn starfshópurinn fram grundvöll að heimildasöfnun, sem samtökin koma til með að starfa eftir á næsta ári. Mikilvægt er að allir leggi nú hönd á plóginn og afli heimilda og gagna, eftir því sem þeir megna. Slík söfnun getur farið fram jafnt í starfshópum, sem með einstaklingsframtaki. Á herstöðvaandstæðingum hvílir siðferðileg skylda til að kynna sér þennan grundvöll og leggja síðan sitt af mörkum, svo samtökin geti komið sér upp myndarlegu heimildasafni. Hér birtist svo grundvöllurinn:

Heimildasöfnun, rannsóknarstörf og ritsmíðar.

Nauðsynlegt er að unnið sé stöðugt að söfnun heimilda, til stuðnings baráttunni fyrir markmiðum samtakanna og þær séu tengdar starfinu hverju sinni. Án góðs heimildasafns verður barattan slitrótt og fálmkennd. Án nægilegra upplýsinga næst ekki skilningur á



Straumsvíkurgangan.

eðli baráttunnar. Án traustra og nýrra heimilda verður áróðursstarfið veikt og vinnubrögðin viðvaningsleg.

Heimildasöfnun er því á meðal mikilvægustu verkefna samtakanna, sem ekki má falla niður vegna annarra anna.

1) Hvaða heimildum þarf að að safna?

1. Samningar ísl. stjórnvalda við erlenda aðila um varnarmál

2. Utanríkismálastefna stjórnmálaflokka, eins og hún hefur komið fram í stefnuskrám flokksþinga, í þingsályktunartillögum og í samþykktum flokksstjórna og flokksfélaga.

Könnunin tekur til flokka sem sæti eiga á Alþingi, til Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins og til Þjóðvarnarflokks Íslands. Æskilegt er að könnunin innan hvers flokks sé gerð af fyrrv. eða núverandi stuðningsmanni hans.

3. Utanríkismálastarf annarra félagshópa. Af einstökum félögum má sérstaklega nefna Þjóðvarnarfélagið, Samtökin "gegn her í landi", Samtök herstöðvaandstæðinga og Samtök hernámsandstæðinga.

Einnig verkalýðsfélög og önnur samtök launþega, félög háskólastúdenta og önnur skólafélög. Til þessa starfs skal velja núverandi eða fyrrverandi félagsmenn einstakra félaga ef þess er kostur.

4.a. Fjárhagslegur ávinningur fyrirtækja og einstakra aðila af dvöl herliðs í landinu.

Hlutur hvers aðila sé kannaður eftir því sem kostur er á.

Störf Íslendinga á vegum hersins. Fjöldi starfsmanna.

Ráðningaraðferðir. Gjald-

Frh. á síðu 2

LEIÐARI

Hryðjuverk

Morðin á nokkrum leiðtogum Baader-Meinhof hryðjuverkahópsins er sátu í fangelsum vestur-þýskra stjórnvalda, og morð þess sama hóps á formanni vestur-þýska vinnuveitendasambandsins; Hans Martin Schleyer, hafa vakið athygli um heim allan. Borgarapressan keppist við að útmála þessa borgarskæruliða sem örgustu villidýr, óalandi og óferjandi, jafnframt því sem hún réttlætir morðin á þremenningunum í fangelsunum. Nú skal gengið milli bols og höfuðs á öllum meðlimum Baader - Meinhof hópsins.

En hvers konar þjóðfélag er það, sem elur af sér slíka pólitíska glæpastarfssemi? Hafa stjórnvöld í V-Þýskalandi, yfirvöld laga og réttar, ekki sitthvað á samviskunni? Baader-Meinhof hópurinn skýtur fyrst upp kollinum eftir hinar svonefndu stúdentaóeirðir í lok 7-unda áratugsins. Þær hofust með friðsamlegum mótmælaaðgerðum stúdenta, en lögreglan lét hins vegar einskis ófreistað til að mæta þeim aðgerðum með ofbeldi. Má m.a. minna á að reynt var að ráða leiðtoga stúdenta, Rude Dúdske af dögum. Vegna þessara átaka sprettur svo óhjákvæmilega upp hópur manna, er vill svaraofbeldi með ofbeldi. Þannig er Baader-Meinhof hópurinn í stuttu máli til kominn.

Þeirri spurningu verður hins vegar að svara, hvort baráttuaðferðir þessara borgarskæruliða þjóni í raun og sannleika málstað þýskrar alþýðu, hvort þær séu í tengslum við þær aðstæður, semrikjandi eru í þessu auðvaldsríki? Kommúnistar hafa ævinlega litið svo á að hin kúgaða alþýða öðlist ekki frelsi án vopnaðrar byltingar og geti ekki tryggt völd sín án þess að skapa sinn eiginn her. Sagan hefur sýnt og sannað, að án vopnaðrar baráttu er verkalýðsbyltingin dæmd til ósigurs. Við þurfum ekki annað en að líta til Sovétríkjanna, Kína og Indó-Kína í þessu sambandi. Og harmleikurinn í Chile er áþreifanleg sönnun þess að vopnlaus alþýða er algjörlega óvarin gagnvart miskunnarlausu hernaðarofbeldi einræðis og kúgunar. En þar með er ekki sagt að hin vopnaða barátta sé rétta aðferðin á hvaða tíma sem er og undir sérhverjum kringumstæðum. Vopnuð barátta getur ekki orðið árangursrík nema í fyrsta lagi að hún þjóni markmiðunum og aðstæðurnar krefjast þess og í öðru lagi að hin vinnandi alþýðu sé reiðubúin að taka sér vopn í hönd í baráttunni fyrir þjóðfrelsi og sósíalisma.

Þegar þetta er haft í huga er rétt að snúa sér að því að svara, hvort aðgerðir Baader-Meinhof hópsins séu málstað alþýðunnar í Þýskalandi til framdráttar. Þó skortur sé á lýðréttindum á mörgum sviðum í Þýskalandi vestanverðu og vinstrisinnar séu ofsóttir er ekki þar með sagt, að tímabil vopnaðrar baráttu sé gengið þar í garð. Því fer fjarri. Verkalýður Þýskalands og reyndar víðar í Evrópu er alls ekki reiðubúinn undir vopnuð átök og kringumstæðurnar leyfa ekki slíkt. Aðgerðir borgarskæruliðanna eru á engan hátt málstað verkalýðsins til framdráttar; þessi hópur er í reynd dæmdur til að einangrast frá fjöldanum og nýtur alls ekki samúðar hans. Aðgerðirnar eru fremur til að sverta málstað þeirra sem berjast fyrir réttri pólitískri línu meðal fjöldans. Þær eru í ætt við stefnu stjórnleysingja, sem er smáborgaraleg stefna og dæmd til að mistakast.

Hitt er svo annað mál, að morðin á föngunum eru engan veginn réttlætanleg og bera þess aðeins vitni, að arftakar þess ofbeldis og þeirrar kúgunar sem nasisminn gat af sér hafa á ný sest við stjórnvölinn í V-Þýskalandi. Óhjákvæmileg framþróun mannkynssögunnar mun fella sinn dóm yfir slíka menn.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud.15-18,30
● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.
● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
● Ísafjörður: Kristinn Karlsson. Fjarðarstræti 7.
● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.
● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.
● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.
● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v.444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.

Frh. af baksíðu.

Baráttan fyrir frelsun Eritreu

En deilur um grundvöll baráttunnar urðu þess valdandi að nýjar hreyfingar voru stofnaðar og 1973 kom til borgarastyrjaldar milli frelsishreyfinganna innbyrðis. Sú styrjöld þjónaði einungis hagsmunum Eþíópíustjórnar. Þessar aðstæður leiddu til umræðna meðal íbúanna, sem voru andvígir borgarastyrjöldinni og tókst þá að þvinga leiðtoga hreyfinganna til að lýsa yfir vopnahléi og ganga til viðræðna. Síðan hafa hreyfingarnar stöðugt haft meira samstarf sín á milli.

Baráttan hefur verið samhæfð þannig að hreyfingarnar styðja nú hver aðra. Þær lúta þó enn hver sinni stjórn og hafa hver sína yfirstjórn á frelsuðu svæðunum. Nú þegar ELF og ELF-PLF hafa sameinast, virðist allt stefna í sameiginlega yfirstjorn.

sp: Hvernig gengur uppbyggingin á frelsuðu svæðunum?
sv: Það er mikilvægt að koma eðlilegu lífi á eins fljótt og hægt er. Því er brýnasta verkefnið að hefja þegar framleiðslu matvæla og annarra nauðsynja.

Við höfum því ræktað eins mikið land og mögulegt er og höfum hafið framleiðslu á lyfjum, verkfærum og skotfærum.

Við höfum þegar leyst vandamálið með öflun matvæla á frelsuðu svæðunum. Hermenn okkar taka fullan þátt í ræktuninni. Það hefur valdið erfiðleikum að fjandmennirnir varpa sprengjum á bæina á daginn.

Til að vernda íbúana tæmum við þess vegna alla stærri bæi á daginn og fer framleiðslan og uppbyggingin fram á nóttunni.

Smátt og smátt hafa Eþíópíumenn þó gefist upp á að varpa sprengjum á bæi okkar.

Til að þróa baráttuna áfram er mikilvægt að stunda nám.

Þess vegna nema hermennirnir verk frumkvöðla marxismans. Við höfum þegar þýtt mörg þeirra þannig að íbúarnir geti lesið þau. Þar sem margir eru ólæsir höfum við lagt kapp á að stofna skóla á frelsuðu svæðunum. Það er jú nauðsyn til að geta numið kenningar byltingarinnar. Einnig hafa verið lagðir vegir og byggð sjúkrahús.

sp: Hvernig farið þið með stríðsfangana?
sv: Í byrjun tókum við enga lifandi fanga. Nú er afl okkar meira og einnig skilningur.

Við lítum ekki á alþýðu Eþíópíu sem fjandmann okkar.

Þess vegna skólum við fangana og látum þá taka þátt í uppbyggingunni.

sp: Hvernig er afstaðan til risaveldanna?
sv: Engin af hreyfingunum styðst við risaveldin. Sú aðstoð sem við fáum kemur frá Arabalöndunum.

sp: Hafa risaveldin reynt að skerast í leikinn?
sv: Þar til 1975 letu Bandaríkin Eþíópíuher í té mikið af vopnum og USA hafði stóra herstöð í Erítreu. Þá börðumst við með bandarískum vopnum, nú berjumst við með sovéskum. Það eru vopn sem við tökum frá óvininum.

Höfuðóvinurinn var ameríska-ísraelska heimsvaldastefnan.

Nú er það sú sovéska.

Sovétríkin láta Eþíópíu í té vopn og ráðgjafa og eþíópíski herinn er þjálfaður af ísraelsmönnum. Ísraelskir hermenn taka þátt í stríðinu í sovéskum flugvélum.

sp: Hvað getum við gert?
sv: Það er mikilvægt að þið fylgist með þróun mála og útbreiðið þekkinguna um réttláta baráttu okkar. Það verður mikilvægt fyrir okkur að fá sem víðtækastan stuðning er við leitum eftir pólitískri viðurkenningu.

(Þýtt úr Arbejderavisen frá 15-21 september)

Frh. af forsíðu.

Heimildirnar

eyristekjur. Sölunefnd varnarliðseigna.
b. Félagsleg tengsl hersins og ísl. aðila og félagasamtaka.
c. Herinn og öryggisþjónustan (löggæsla, brunavarnir, sjúkraflug).
d. Spilling á Keflavíkurflugvelli, s.s. eiturlyfjasala og smygl.
e. Reglur um ferðir hermanna utan herstöðvasvæðisins og framkvæmd þeirra.
5. Eðli NATO og heimsvaldastefnunnar. Hersetan í alþjóðlegu ljósi.
a. Aðalheimildir (samningar, samþykktir, yfirlýsingar o.fl.)
b. Tengsl hernaðarbandalaga við efnahagslega drottnun.
c. Samskipti hernaðarbandalaga sín á milli.
d. Hugmyndafræðileg starfssemi (umhverfisverndarmál, vísindastyrkir NATO, áróðursstarfssemi NATO)
6. Afstaða annarra ríkja og hreyfinga til heimsvaldastefnunnar og hernaðarbandalaga.
a. Norður - Atlantshafsríki, önnur Evrópuríki og þróunarríkin.
b. Þjóðfrelsishreyfingar. Samtök sambærileg við SHA t.d. í Bretlandi (CND).

II. Hvernig á að afla heimilda?

1. Farið verði yfir ísl. blöð jafnóðum og þau koma út og klippt út efni sem varðar samtökin.
2. Farið verði yfir eldri ísl. blöð og skráðar tilvitnanir.
3. Samtökin verði áskrifandi að tímaritum, kaupi fræðirit og handbækur.
4. Þingskjölum er varði málefni samtakanna verði haldið til haga.
5. Leitað verði til félaga og einstaklinga um öflun boka, tímarita og tímaritsgreina.

III. Notagildi.

Heimildasafn samtakanna verði baráttutæki herstöðvaandstæðinga.

1. Grundvöllur fréttamiðlunar um málefni NATO og heimsvaldastefnunnar.
2. Grundvöllur við gerð alyktana, yfirlysinga og orðsendinga.
3. Grundvöllur visindalegra rannsókna á einstökum atburðum, t.d. a) Keflavíkursamningnum 1946, b) Aðild að NATO 1949, c) Komu hersins 1951, d) Svikum "vinstri" stjórnarinnar 1971-74.
4. Grundvöllur útgáfu markvissra smárita og almennra upplýsingarita um herstöðvamálið.

Frh. af forsíðu

Reynsla af verkfallinu

yrðingar eru að sjalfsögðu hin mesta firra. ASÍ hefur slíkt ákvæði í sínum samningi og er víst ekki vanþörf á. Það er því full ástæða fyrir BSRB að hafa slíkt ákvæði. Því fyrst "vinstri" stjórnin gat kippt vísitölunni úr sambandi 1974, en það rýrði mjög kjör launþega, þá getur núverandi eða komandi stjórn vissulega gert hið sama. Ákefð þeirra við að hindra að slíkt ákvæði komi inn í samninginn er gleggsta dæmið um það.

Það hefur borið á nokkurri uppgjöf í samninganefnd okkar og menn greinir á um hvaða stefnu beri að taka. Þannig eru til fulltrúar sem vilja algjöra uppgjöf. Þeir eru þó en fleiri sem vilja réttilega hvika í engu. Svo eru enn aðrir sem vilja leita sátta og eru horfur á að þeir verði ofan á. Líkur benda því til að endurskoðunarréttur með verkfallsrétti verði ekki settur á oddinn hjá samninganefndinni.

Sú hugmynd sem helst hefur verið mótuð í staðinn er þess eðlis að ef röskun verði á vísitölutryggingu launa megi krefjast endurskoðunar á kaupliðum samningsins. Síðan verði málinu vísað til sáttasemjara og sáttanefndar. Stjórn og samninganefnd BSRB vill að tímatakmörk verði sett á það hvenær sáttanefnd verði að taka málið fyrir og einnig að ef samningar takast ekki skuli semja um þessa kaupliði í næsta aðalkjarasamningi á eftir og skuli það verka aftur fyrir sig.

Það er auðvitað rétt að ef slíkt ákvæði yrði sett í samninginn stæðu ríkisstarfsmenn mun betur að vígi en t.d. Reykjavíkurfélagið. Hins vegar felst í þessu uppgjöf frá kröfunni um frjálsan samningsrétt á tímabilinu ef grundvelli samningsins er haggað. Og hætt er við að það nægi lítt fyrir heimili opinberra starfsmanna til að draga fram lífið af, þótt þau ættu e.t.v von á bótum fyrir kauprán, ef þær bætur kæmu ekki fyrr en mörg um mánuðum seinna.

Þessi hugmynd er því skref afturábak og kallar yfir okkur hættuna á kaupránsaðgerðum ríkisvaldsins auk þess sem hún mun gera næstu samninga okkar bæði flóknari og viðameiri en ella. Ríkisvaldið mun örugglega telja þessar síðfengnu bætur til beinna launahækkana og ekki er neinn kominn til með að segja að samningsaðstaða og eining okkar verði meiri að tveimur árum liðnum en hún er í dag. Því gæti okkur reynst erfitt að ná fram þá, eins og nú, kröfum okkar um verulega bætt kjör. Því það er ljóst að samninganefnd okkar hefur þegar gengið of langt í að slá af öðrum mikilvægum kröfum okkar.

Rvk, 23.10.77.

Leiðrétting

VIÐ GREININA "AF FÖR GEIRS" SEM BIRTIST Í 36. TBL.

Í 2. dæmi í lið I er meinleg villa, sem er á ábyrgð greinarhöfundar. 2. dæmi átti að vera á þessa leið: Magnús nefnir tölur um laun þriggja starfshópa í Sovétríkjunum; lækna (uþb. 80 rúblur), verkafólks (uþb. 200 r) hjá iðnverkafólki) og fréttamann (uþb. 400 r) Höfundi þessarar greinar finnst það rétt að verkafólk og þá sérstaklega iðnverkalýðurinn, sem skapar með störfum sínum gildisauka og ber þannig hvert þjóðfélag uppi hafi há laun. Hins vegar kom það fram í sjónvarpsþættinum (sem Magnús gleymir að nefna af einhverjum ástæðum) að verðlag í almennum verslunum (sjá d.4) í Sovét er það hátt að erfitt er fyrir hinn almenna verkamann að láta endana ná saman. Að sjálfsögðu er meinlegt misræmi á milli launa lækna og verkafólka því að læknisstarfið er vissulega mikilvægt (en hér má bæta því við að ef læknisstarfið er eins mikil köllun og sumir vilja vera láta ættu læknar heldur ekki að hafa það kaup, sem þeir hafa t.d. á Vesturlöndum). En að blaðamenn og aðrir...o.s.frv. (Hér lýkur leiðréttingunni og greinin heldur orðrétt áfram). Greinarhöfundur biðst velvirðingar á þessum mistökum.

Grænland - dönsk nýlenda

Dufþakur

Loksins hefur Grænlandsvinafélag verið stofnað. Stofnfundur Grænlandsvinafélagsins Inútt var haldinn í Norræna húsinu 13.okt. s.l. að viðstöddum nokkur hundruð manns. Áhugi á málefnum Grænlendinga virðist almennt meiri hér en hjá hinum Norðurlandaþjóðunum og kann það vafalaust að eiga sínar orsakir í því, að við vorum sjálfir um langan aldur ofurseldir danskri nýlendukúgun.

Í lögum hins nýstofnaða félags segir eitthvað á þá leið, að tilgangur þess sé að efla menningarleg og félagsleg samskipti Íslendinga og Grænlendinga. Síðan Danir slógu eign sinni á þetta grannríki okkar í vestri hefur átt sér stað gífurleg röskun á félagslegum samskiptum Grænlendinga og menningarlegum verðmætum þeirra. Fólk hefur bókstaflega verið rifið upp með rótum frá heimabyggð sinni og neytt til að flytja búferlum - allt eftir hentugleikum (les: gróðasjónarmiðum) nýlendukúgaranna. Í stað fornrar og sérstæðrar menningar Grænlendinga skal koma hin inni haldslitla vesturheimska menning. Því er ekki vanþörf á, að við Íslendingar reynum að styrkja þessa granna okkar til að ryðja þessum vandamálum þeirra úr vegi og leitumst við að kynna hina upprunalegu grænlensku menningu hér á landi á sem flestum sviðum.

Grænlandsvinafélagið ætti raunar að skipta sér af fleiri málum en þessum og það ætti eiginlega að vera höfuðverkefni þess, að styðja alhliða sjálfstæðisbaráttu grænlensku þjóðarinnar, baráttu þeirra til að losna undan oki herraþjóðarinnar. Félagið ætti að lýsa yfir skilyrðislausum stuðningi við þessa baráttu Grænlendinga og veita þeim stuðning á þeim grundvelli, sem þeir leggja sjálfir til. Varla þarf að óttast að svo verði ekki, því í umræðunum um tilgang félagsins kom þessi skoðun greinilega í ljós. Sjálfum tilverurétti Grænlands er beinlínis stefnt í voða, því það eru ekki einungis nylenduherrarnir dönsku, sem miskunnarlaust arðræna og kúga grænlenska alþýðu - nú á að veita hæstbjoðanda meðal ýmissa erlendra auðhringa aðgang að hinun um mikilvægu auðlindum Grænlands.

Á síðustu árum hefur það gerst, að grænlenska þjóðin er smám saman að vakna til meðvitundar um rétt sinn og farin að skipuleggja baráttuna gegn nýlendukúguninni.

Við, sem teljumst vera vinstra megin í pólitíkinni höfum hingað til lagt alltof litla áherslu á stuðning við þjóðfrelsisbaráttu Grænlendinga og ættu vandamál þeirra þó að standa okkur nær en annarra ríkja þriðja heimsins. Kannski er það vegna þess, að barátta hinna ýmsu kúguðu þjóða Asíu, Afríku og Rómönsku Amer Ameríku er komin á hærra stig en hjá Grænlendingum. Á meðan við höfum verið uppteknir af vandamálum Indó-kínverja, Palestínumanna, Chilebúa o.fl. höfum við næstum gleymt því, að hér örskammt undan vestur strönd landsins býr þjóð, sem hefur orðið að þola hina miskunnarlausustu nýlendukúgun og gífurlegt harðræði.

En nú hefur sem sagt verið stofnaður félagsskapur til að kynna þau vandamál, er herja á þessa granna okkar, félagsskapur sem er reiðubúinn til að veita grænlensku þjóðinni fullan stuðning í baráttu þeirra fyrir sjálfstæði og frelsi. Við óskum aðstandendum þessa félags til hamingju með árangurinn og sá árangur mun vafalaust ekki láta á sér standa. Áhuginn er tvímælalaust fyrir hendi.

Dufþakur.



Kudtliqssat, eitt af mörgum þorpum á Grænlandi sem danska stjórnin hefur lagt niður.



STUÐNINGUR VIÐ BSRB

Á fundi BHM kennara í Vélskóla Íslands 22. 10 var ákveðið að hver kennari myndi gefa sem næmi einum daglaunum í verkfallssjóð BSRB. Var þetta gert í framhaldi af stuðningsbréfi sem sömu aðilar sendu til þeirra kennara sem eru í verkfalli. Þá hafði borist svarbréf, þar sem látin var í ljós ósk um sameiningu kennara í eitt félag.

Þetta er bara eitt dæmi um stuðning sem BSRB er nú veittur fra hinum ymsu hopum. T.d. gáfu kennarar við Tækniskóla Íslands líka daglaun sín og hjúkrunarfræðingar gáfu eina milljón í verkfallssjóð. Sýnir þetta vel hina auknu samstöðu sem einkennt hefur baráttu BSRB.

VERKFALLSBROT RIKISINS.

Það hefur verið athyglisvert í þessu verkfalli, hvaða brögðum ríkisvaldið hefur beitt til að reyna að brjóta það á bak aftur. Það hafa verið notaðar aðferðir sem atvinnurekendur hafa fyrir löngu gefist upp á í deilum sínum við verkafólk. Í þessari deilu hefur ríkisvaldið beitt hótunum um brottrekstur ofl. Þetta er greinilega allt í góðu samstarfi við atvinnurekendur, og nú síðast var skip með súráli dregið inn í Straumsvíkurhöfn með dráttar bátinum Magna. Til að koma þessu verkfallsbroti í gegn gaf bæjarfógetinn í Hafnarfirði ut "leyfi" til þess að draga skipið inn, sem stjórn álversins notfærði sér óspart. Reynt var að fremja verkfallsbrotið án þess að boð kæmust til BSRB og var mönnum meinaður aðgangur að síma í verksmiðjunni til að engin boð bærust. En allt kom fyrir ekki, verkfallsverðir fengu ekki aðeins upplýsingar um þetta, heldur tókst þeim líka að hrekja skipið frá og stöðva verkfallsbrotið

Af fjölmiðlum

VERKALÝÐSBLAÐIÐ OG SAMTÖK HERSTÖÐVAANST.

Í Verkalýðsblaðinu 12. tbl. 3. árg. sem gefið er út af Einingarsamtökum kommúnista marx-lenínistum, gefur að líta nokkuð einkennilega frétt frá Landsráðstefnu SHA. Meðal annars kemur þar fram að "Gagnrýni á aðgerðir SHA 21. ágúst s.l. fyrir utan Sovéska sendiráðið var samþykkt (tilvitnun lýkur). Þeir sem sátu ráðstefnuna kannast sjálf sagt ekki við neina slíka samþykkt, þvert á móti. Það eina sem samþykkt var í sambandi við 21. ágúst var ályktun (sem birt er annars staðar í blaðinu) sem kveður skýrar á um baráttu SHA gegn allri heimsvaldas fnu. Þessi ályktun er ekki "gagnrýni" á aðgerðir SHA 21. ágúst heldur ótvíræður stuðningur við þær aðgerðir. Eins og svo oft áður fer Verkalýðsblaðið hér með staðlausa stafi, sem þeir ættu að skammast sín til að leiðrétta.

RAUÐUR VETTVANGUR
frá lesendum

Mataræði og heilsufar

Ég vil aðeins með fáum orð um þakka greinina"Innanmein Íslendinga" sem birtist í 33. tbl. í september s.l. Hún var mjög tímabær. Það er hverju orði sannara að mataræði hefur áhrif á heilsufar margra svo um munar: Ofnæmi, excem, höfuðverkur, deyfð, þunglyndi, máttleysi, sjóndepra, skapofsi, magapína, kjarkleysi, angist, orsakast oft af röngu mataræði.

Fæðuval, það er heil vísindagrein, sem allir ættu að hugleiða. Ekki hef ég þekkingu sem skyldi, en eg er vakandi fyrir þessu vandamāli. Hérlendis eru læknar nokkuð seinir að fylgja nýjungum. Má þar ef til vill kenna um manneklu, en það er samt sem áður ekki nógu góð þjónusta við sjúkt fólk. Má til dæmis nefna migren - eldgamlan sjúkdóm (mörg þúsund ára), en allt bendir nú til þess, að mataræði geti stórlega dregið úr þessum hryllilegu höfuðkvölum sem veikinni fylgja. Það er ekki meiningin að fara nánar út í þau mál hér, en í undirbúningi er, stofnun félags migrenesjúkinga.

Margir sjúkdómar sem herja á okkur Íslendinga orsakast af fleiru, en óhollu mataræði: veðurfarið, kuldinn, sólarleysið og rakinn hefur þar sín áhrif. Ákaflega margir sem komnir eru rétt um þrítugt þjást af vöðvabólgu, gigt ýmiss konar og af streitusjúkdómum. Íslendingar eru margir of feitir, ofdrykkja er hér einnig geigvænleg. Er þetta ekki allt vegna þess að hér er rangt stjórnskipulag - ekkert gert til að fyrirbyggja þessa hvimleiðu og oft ónauðsynlegu krankleika -Sjónvarpið sýndi þann sóma að gera þætti sem komu inn á mataræði, en það er ekki nóg- Sumir eru (þetta er aldrei of oft endurtekið) að eyðileggja heilsuna með því að vinna á kvöldin og um helgar við að byggja, jafnframt því að vinna venjulegan vinnudag, þ.e. frá morgni til kvölds, og mörg eru dæmi þess, að fólk á miðjum aldri er búið að eyðileggja heilsuna með óhóflegri vinnu til að lifa mannsæmandi lífi.

Málið er orðið þannig í dag, að það erum við sjálf, sem verðum að leysa vandann, ásamt rétthugsandi læknum og matvælafræðingum, og stjórnmálamönnum, því það þarf nauðsynlega að fyrirbyggja, að börnin okkar borði allt þetta drasl, alla þessa kók, prins póló, pylsu með öllu, kremkex og sælgæti í tonnatali, franskbrauð með smjöri. Fyrir utan óhollustuna fyrir líkamann, þá má hugleiða tannskemmdir sem eru miklar, jafnvel hjá aðeins þriggja ára börnum. Það er að fara út í öfgar að tala um reykingar í sambandi við unglinga en...

Ég er ekki með unglinga á mínu heimili, svo ég veit ekki með vissu, hvernig málum er háttað í skólunum. Er unglingum kennt gildi þess að neyta réttrar fæðu og þýðingu þess fyrir framtíðina að fá nauðsynleg vítamín? Það er auðvitað sorgleg staðreynd að húsmæður/húsbændur úr verkamannastétt á Íslandi verða að velja það allra ódýrasta úr búðunum og hlýtur þetta að draga dilk á eftir sér. Að hafa kjúkling, hvítkál, agúrku, tómata, harðfisk, slátur, svo eitthvað sé nefnt - þá væri mánaðarkaupið búið langt fyrir tímann.

Gerum ekki lítið úr þessum málum, það er sannarlega ekkert ofstæki þegar sagt er að við erum það sem við étum. Hættum að éta óhollan mat og fylkjum liði og krefjumst þess að holl fæða sé á viðráðanlegu verði og ofnæmissjúklingar þurfi ekki að þjást meira en orðið er og fái alla þá hjálp sem þjóðfélaginu ber að veita, þeim og forða ungum og öldnum frá því, að nota magann sem ruslafötu.

Að lokum þetta: Hérna á Íslandi er leitað dyrum og dyngjum að einhverjum sem kann nálarstunguaðferðina kínversku og sem margir EFNAÐIR hafa getað nálgast úti í heimi. Hvernig væri að einhverjar frómar manneskjur yrðu styrktar til náms, og/eða fengnir hingað kínverskir læknar (eða þeir sem þetta kunna fullkomlega) til að frelsa sárþjáðar manneskjur af mörgum þessum"ofþjökunar" sjúkdómum og öðrum kvillum.

Húsmóðir í Breiðholti.

SHA og Varsjárbandalagið

Það hefur ríkt nokkur óvissa um afstöðu Samtaka herstöðvaandstæðinga til annarra hernaðarbandalaga en NATO. Þó er er kveðið skýrt á um það í lögstefnuskrá SHA að: "Samtök herstöðvaandstæðinga líta á störf sín og stefnu sem þátt í víðtækri baráttu gegn heimsvaldasinnuðum hernaðarbandalögum, drottnunarstefnu og síauknum vígbúnaði hervelda" Þetta hefur mörgum ekki fundist nógu nákvæmlega að orði komist og þeir eru jafnvel til sem líta þannig á að þarna geti ekki verið átt við Varsjárbandalagið, því það sé ekki "heimsvaldasinnað hernaðarbandalag". Þeir eru þó fleiri sem telja að þarna sé einmitt átt við NATO og Varsjárbandalagið og í samræmi við þá skoð skoðun hafa SHA einmitt starfað, eins og fjölmargar aðgerðir sanna, Keflavíkurgöngur og mótmælastöður fyrir utan sovéska sendiráðið ef nefna á dæm dæmi. Það er rauði þráðurinn í öllum aðgerðum SHA að mótmæla og berjast gegn allri hei heimsvaldastefnu, hvar sem hún kemur fram og samtökin hafa margoft áréttað þessa stefnu sína, en vegna augljósra ástæðna hafa samtökin ekki enn enn séð ástæðu til að nefna önnur hernaðarbandalög í stefnuskrá en NATO. Það ætti öllum að vera þetta ljóst. Ísland er jú í NATO og hér eru bandarískar herstöðvar, sem við þurfum að losna við til að tryg tryggja fullan og óskoraðan sjálfsákvörðunarrétt landsins. Þetta meginverkefni hefur þó ekki komið í veg fyrir að SHA hafa sýnt hug sinn til annarra hernaðarbandalaga, t.d. með aðgerðunum 21, ágúst fyrir utan sovéska sendiráðið og við fleiri tækifæri, með yfirlýsingum í blöðum o.sfrv. Nú síðast var á Landsráðstefnu SHA samþykkt ályktun sem kveður skýrt á um afstöðu samtakanna í þessu máli, en hún hljóðar svo: "Samtök herstöðvaandstæðinga vilja árétta þá skoðun sína að samtökin berjast gegn allri heimsvaldastefnu og drottnunarstefnu hvaðan sem hún kemur. Markmið samtakanna er að Ísland gangi úr NATO og bandaríski herinn verði rekinn héðan burt. Ennfremur vilja SHA fordæma þá drottnunarstefnu, sem Varsjárbandalagið og Sovétríkin sýna öðrum ríkjum, eins og t.d. fram hefur komið gagnvart tékknesku þjóðinni. SHA hafa barist og munu berjast gegn drottnunarstefnu frá hvaða hvaða þjóð sem hún stafar, þar sem hún ógnar fullveldi og sjálfstæði þjóða og er ógnun við heimsfriðinn." Það er tæplega hægt að kveða skýrar á um hver er afstaða SHA í þess þessu máli en fram kemur í þessari ályktun frá Landsfundinum. Þær vangaveltur sem menn hafa verið um það hvað á átt er við í stefnuskrártilvitnuninni hér á undan, ættunú að vera úr sögunni þar sem æðsta eining SHA: Landsfundurinn, hefur kveðið upp sinn úrskurð sem er samdóma þeim sem vilja berjast gegn allri heimsvaldastefnu hvort sem hún kemur úr vestri eða austri.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
37. tbl. 25/10 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.


Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Baráttan fyrir frelsun Eritreu

Í 16 ár hafa íbúar Erítreu háð vopnaða frelsisbaráttu. Þessi barátta hefur verið háð gegn báðum risaveldunum , fyrst gegn Bandaríkjunum, sem styðja Eþíópíustjórn með vopnum og tæknimönnum. Fregnir herma að um 5-9000 erlendir hermenn séu nú þegar í landinu, einkum kúbanskir.

En þrátt fyrir stuðning sósíalheimsvaldasinnanna við Eþíópíustjórn hefur nú mestur hluti Erítreu verið frelsaður. Í Erítreu eru þrjár frelsishreyfingar, ELF, ELF-PLF og EPLF. Tvær hinar fyrrnefndu sameinuðust í juli s.l. og hofu samtimis viðræður við EPLF.

Hér á eftir fer viðtal sem danska blaðið Arbejderavisen hafði við fulltrúa frá EPLF fyrir skömmu:



Héruð í Eþíópíu sem frelsishreyfingar gera tikall til. Sjá nánari skýringar efst.

sp: Viltu segja í stuttu máli frá sögu Eritreu?

sv: Eþíópíukeisari hefur vísvitandi reynt að rangfæra sögu lands okkar. Hann hefur reynt að sýna fram á að Erítrea hafi ekki alltaf verið sjálfstætt ríki, heldur hluti af Eþíópíu. Raunveruleikinn synir þó annað. Erítrea var sjálfstæð í meira en 700 ár, áður en hún varð ítölsk nýlenda (frá 1885-1941). Evrópskir kaupmenn og landkönnuðir lýstu Erítreu sem sjálfstæðu landi á fimmtándu og sextándu öld. "Medri Bahri" (þ.e. landinu við hafið) og sögðu að það hefði landamæri að Eþíópíu.

Frá 1941 til 1952 var Erítrea hernumin af bretum. Íbúarnir sem losnuðu undan oki ítölsku heimsvaldastefnunnar kynntust fljótlega hinum nýju kúgurum. Bretar reyndu á allan hátt að auka móthverfur vegna mismunandi trúarbragða og milli ættbálka og þeir ásamt Eþíópíu stjórn kúguðu fólkið á ýmsa vegu. 1950 var Erítreu-málið tekið upp hjá Sameinuðu þjóðunum og 1952 var ákveðið að Erítrea og Eþíópía skyldu verða sambandsríki og bæði jafn rétthá. En þar sem ákvörðun SÞ tryggði ekki sjálfstæði Erítreu varð hún brátt orðin tóm. Eþíópískur her var staðsettur í Erítreu og jafnframt var Erítreu bannað að hafa sjálfstæðan her. Eþíópíustjórn yfirtók ítalskar eignir í Erítreu, þvert ofan í samþykktir SÞ. Eþíópíukeisari skipaði sína fulltrúa í Eritreu og 1955 þvingaði hann forsætisráðherra og forseta þingsins til að segja af sér og setti sína menn í þeirra stað. Árið 1956 kom þjóðþing Erítreu síðast saman og þá var það lagt niður.

Lagt var bann á fundahöld og starfsemi pólitískra flokka.

Árið 1959 kom fáni Eþíópíu í stað fána Erítreu og loks árið 1962 tilkynnti Eþiopiustjorn að Erítrea væri innlimuð í Eþíópíu

sp: Hvernig var mótstaða íbúanna gegn kúguninni og hvernig hefur baráttan verið skipulögð?

sv: Vopnuð barátta hófst fyrst árið 1961 undir sjórn ELF.

Þegar baráttan hófst hafði hreyfingin ekki mikil ítök meðal íbúanna, sem tortryggðu þá sem börðust. Vegna þessa voru gerð mörg mistök, hreyfingunni var illa stjórnað og það vantaði upplýsingar um markmið og þróun baráttunnar.

Við það bættist að 90% íbúanna voru ólæsir. Trúardeilur ollu einnig erfiðleikum en helmingur íbúanna eru múhameðstrúar hinir kristnir. Þrátt fyrir þessar móthverfur óx hreyfingunni smátt og smátt fylgi, sérstaklega meðal menntamannanna.

Frh. á síðu 2



Lögregla og verkfall

Afturhaldið með Morgunblaðið í broddi fylkingar, fer nú hamförum út af verkfalli BSRB. Eitt er það af mörgu, sem er þeim þyrnir í augum, -verkfall lögreglumanna.

Lögegla og her, eru þau tæki sem ráðandi stétt í hverju þjóðfélagi notar til að vernda hagsmuni sína. Hérlendis er enginn ríkisher, en lögreglan er aftur á móti tiltölulega öflug. Verkefni lögreglu eru m.a. að stjórna umferð, mæta á slysstaði, og elta uppi smáþjófa, sem vel að merkja eru að stela minniháttar hlutum í einkaeign. En lögreglunni er einnig ætlað annað og viðameira hlutverk þar sem er verndun einkaeignar á framleiðslutækjunum. Þannig hafa yfirvöld beitt lögreglunni við að handtaka fólk semhefur dreift auglýsingum og áróðri, sem borgararnir telja að æsi fólk upp gegn valdi þeirra. Lögreglunni hefur einnig verið sigað á kröfugöngur og mótmælaaðgerðir þar sem fólk hefur verið að krefjast réttar síns til launa eða lýðréttinda. Átök sem í slíkum tilvikum hafa oftlega orðið, hafa síðan leitt til illinda og jafnvel haturs milli mótmælenda og lögreglu. Þeir pústrar og fúkyrði sem lögreglan fær þar á sig gera yfirvöldum auðveldara um vik að telja lögreglumenn á að allir sem ekki sætta sig við sitt, séu óvinir þeirra og óþokkar að auki, Þannig er líka reynt að gera alla harða verkfallsverði að "helvítis kommúnistum" sem stjórnað sé af "byltingarráði".

Starf obreyttra lögreglumanna er lágt launað, þótt vaktaálag og viss frí komi þar til, en vaktavinna bitnar oftast illa á fjölskyldu og félagslífi. Nú hefur það svo gerst að lögreglumenn hafa sjálfir tekið þatt í skipulegri baráttu gegn ríkisvaldinu fyrir bættum kjörum sínum. Sú samstaða sem þeir hafa hér fundið mætti vera þeim í minni, ef þeim verður einhverntíma skipað gegn verkafólki.

Hugleiðing um kvikmyndir

Kvikmyndir eru áhrifamikill fjölmiðill er móta skoðanir okkar í töluverðum mæli, bæði í sjónvarpi og bíóhúsum. Það lætur nærri, að yfir 70% mynda, sem sýndar eru hér, séu breskar eða bandarískar. Það eru feykistorir auðhringir sem framleiða megnið af þeim. Þar sem auðmenn eru framleiðendur myndanna, er eðlilega tekin ákveðin afstaða í innihaldi þeirra. Það einkenni sem mest er áberandi í þessum kvikmyndum vestrænnar auðvaldsmenningar, er einstaklingshyggjan, sem hafin er upp til skýjanna. Okkur er innrætt, að það sé hinn sterki einstaklingur, sem sé gerandi hlutanna, valdi þróun og breytingum í umhverfi okkar, þjóðfélaginu. Þetta er að sjálfsögðu gagnstætt raunveruleikanum, því við þekkjum það, að barátta og samtakamáttur fjöldans veldur straumhvörfum í þjóðfélaginu, en ekki einn eða fáir einstaklingar. Vissulega eru það einstaklingar, sem veljast til leiðsagnar og forystu, en þeir eru ekkert ef þeir túlka ekki afstöðu fjöldans, sem stendur að baki þeim. Auðvaldið sem byggir tilveru sína á því, að arðræna fjöldann, verður að réttlæta sig sjálft og óréttlætið. Því er kvikmyndum og annarri listsköpun ætlað það hlutverk að koma inn röngum skoðunum hjá fjöldanum um þjóðfélagið. Borgaraleg list hefur það sem sé að markmiði, að forheimska okkur til að viðhalda auðvaldsskipulaginu, þar sem lítill hluti þjóðfélagsins kúgar og arðrænir fjöldann.

Einokun stóru kvikmyndaauðhringanna hefur gert það að verkum, að lítið er um framleiðslu á athyglisverðum myndum á Norðurlöndum, svo dæmi séu tekin. Hér á Íslandi hafa aðeins verið framleiddar örfáar myndir til sýninga í bíóhúsum, enda er



markaðurinn lítill og stuðningur opinberra aðila enginn. Þeir sem aðallega fást við kvikmyndun hér, eru róttækir menn, sem taka gagnrýna afstöðu með alþýðunni, gegn auðvaldinu og hnökrum þess. Þessir menn eiga ekki upp á pallborðið hjá ráðamönnum, því borgaraleg list skal vera allsráðandi og það er hættulegt, að gagnrýna það sem fjöldinn verður að sætta sig við. Allt kapp er lagt á, að telja okkur trú um, að óréttlæti auðmannanna sé eðlilegur og óumbreytanlegur hlutur.

Sjónvarpið, sem framleiðir eitthvað af innlendum kvikmyndum, er gott dæmi um afturhaldssemina í þessum málum. Ákveðin klíka borgaralega þenkjandi listamanna ræður þar öllu um gerð innlendra kvikmynda og er Hrafn Gunnlaugsson þar innsti koppur í búri. Hrafn þessi á sæti í ákveðinni nefnd innan Sjálfstæðisflokksins, sem hefur það verkefni að beita sér fyrir framgangi íhaldssamra hugmynda í menningu og listum. Sjónvarpsáhorfendur hafa orðið að sitja undir vitleysingjamyndum eins og Blóðrautt sólarlag, en Hrafn var potturinn og pannan í gerð þeirrar myndar. Á sama tíma er hæfum kvikmyndagerðarmönnum útskúfað vegna þess að þeir eru alþýðusinnaðir listamenn og falla því ekki í kramið hjá ráðamönnum sjónvarps. Það er kaldhæðni örlaganna að það er einmitt skattfé okkar stritandi fjöldans, sem er notað til reksturs Sjónvarps og lista og menningarmála, þar sem allt kapp er lagt á að innræta okkur íhaldssemi og rangan skilning á þjóðfélagi okkar. Á sama tíma eru þeir listamenn, sem taka afstöðu með okkur, reknir út í kuldann.


Stéttabaráttan

Eins og velunarar blaðsins hafa væntanlega orðið varir við hefur ákriftasöfnunin ekki gengið samkvæmt áætlun. Einnig hefur lausasöluaukningin ekki náð því marki sem stefnt var að. Þegar svo er komið sér ritnefnd blaðsins sig knúna til að framlengja herferðinní fram til áramóta í þeirri von að fólk taki sig nú reglulega á og leiðrétti þau mistök sem hér hafa átt sér stað í starfinu. Með samstilltu átaki mun árangurinn ekki láta á sér standa

Hamarinn mun sýna aukningu lausasölunnar, frá því sem nú er. Sigðin sýnir nýja áskrifendur blaðsins.

Félagar og aðrir velunnarar blaðsins skulu póstsenda nýjar áskriftir til :

Rauðu Stjörnunnar, Lindagötu 15. Rvk. Pósthólf 1357.
Einnig má hringja í síma 27810 milli klukkan 15 og 18.



Tilkynning

Tilkynning um menningarsamskipti Íslands og Alþýðulýðveldisins Kóreu.

Undirrituðum hafa borist óskir um það frá sendiráði Alþýðulýðveldisins Kóreu í Stokkhólmi, að íslendingar, sem hafa áhuga á auknum samskiptum milli landanna, sendi inn nöfn sín og heimilisfang. Munu þeir fá sent fræðsluefni í framtíðinni.

Séu einhverjir, sem áhuga hafa á þessu máli, eru þeir beðnir að hafa samband við undirritaðan eftir kl. 19.

Arnþór Helgason, Fornhaga 11, Reykjavík.
Sími 12943.